



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 2. júní 2025



Fjórði fundur 68. stjórnar HSI var haldinn í á skrifstofu HSI, mánudaginn 2. júní 2025 kl. 16.30.

Mætt voru: Jón Halldórsson, Ásgeir Sveinsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Haddur Stefánsson, Harpa Vífilisdóttir, Helga Birna Brynjólfsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir og Sigurborg Kristinsdóttir.

Forföll: Ásgeir Jónsson, Bjarni Ákason, Róbert Geir Gíslason.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun kynnt frá fjárhagsnefnd
 - HV og ILL fóru yfir fjárhagsstöðuna það sem af er ári og áætlun ársins.
 - Óskað var eftir fjárhagsstöðu og áætlun niður á mánuði.
 - HV og SK setja upp Cash flow budget fyrir næsta fund.
2. Markaðsnefnd, staðan á fundum
 - BÁ hefur fundað með nokkrum aðilum. Hugmyndir og útfærslur á styrkjum í vinnslu.
3. Útbreiðslunefnd, staða á verkefnum
 - Iðkendatölur hjá Abler og ÍSÍ eru ekki þær sömu. Ónákvæmni í skráningu er þekkt vandamál sem þarf að fara yfir með félögum.
 - Iðkendafjöldinn er líklega um 9 þúsund.
 - Þurfum að fá tölurnar á hreint svo hægt sé að setja markmið.
4. Sjónvarpsmál, staðan á þeim kynnt
 - Sýn er ekki tilbúin tæknilega til að senda út allan þann fjölda leikja sem eru í gangi.
 - Síminn kom með hugmyndir að framleiðslu þátta, verið að skoða.
 - Hugmynd um að gera verktakasamning við aðila sem tekur að sér að búa til efni sem eykur áhorf á Handboltapassann.
 - Samstarfssamningur við Árvakur skoðaður.
5. Námskeið í haust á vegum HSI
 - Óskað hefur verið eftir ýmsum námskeiðum, eins og þjálfaranámskeið, dómaranámskeið, spídeo og fleiri.
 - Fræðslu- og útbreiðslunefnd tekur það áfram.
6. Dómaramál, afsögn Óla
 - Ólafur Haraldsson sagði sig úr stjórn HSI í lok maí, JH fór yfir þau mál. Aðilar skildu sáttir.
 - Dómaranefnd ætlar að kjósa formann sem situr fundi stjórnar HSI.
7. Landsbyggðarnefnd, staðan
 - HS fór yfir stöðuna þar sem búið er að senda póst á félögin og verið er að skipa nefnd.
8. Önnur mál
 - Landsliðsbúningar verða tilbúnir til sölu 1.sept
 - Það þarf betra verklag í kringum skipulag yngri landslið kvk, samanber síðustu helgi þegar Færeyingar komu í heimsókn. Allt gekk upp en hefði mátt vera meiri fyrirvari.
 - Lokahóf fimmtudaginn 5.júní í kaffigarði Símans.



- Leikhléshnappur verður skylda á næsta ári, það eru ekki öll félög komin með hann. Líklega þarf að senda póst á félögin þar sem þetta er ítrekað.
- Ef við ætlum að setja meiri kröfur á félögin að gera vel í sjónvarpsútsendingum, þá er tilvalið að byrja á að vera með góð tæki.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl.17:59.

Helga Birna Brynjólfsdóttir, fundarritari